

2. mars 2007
SI-32681

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Með bréfi dags. 16. febrúar 2007 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um tillögu til þingsályktunar um afnám stimpilgjalda, 50. mál.

Um efni og tilgang nefndrar þingsályktunartillögu er í greinargerð vísað til tillagna um afnám stimpilgjalds í skýrslu Samkeppniseftirlitsins frá ágúst 2006. Þar segir að gjaldið hamli endurfjármögnun lána ef kostur er á hagstæðari lánum og þar með samkeppni á markaði um neytendalán. Svo kann að vera og mikilvægt er að efla heilbrigða samkeppni á þessu sviði sem öðrum. Aukin samkeppni stuðlar að öðru óbreyttu að virkari fjármagnsmarkaði. Álagning stimpilgjalds varðar hins vegar ekki beint starfssvið Seðlabankans og tekur hann því ekki afstöðu til hennar sérstaklega.

Í greinargerðinni kemur fram að stimpilgjaldið skilaði ríkissjóði rúmum 9 ma.kr. árið 2006. Afnámi gjaldsins myndi því fylgja umtalsvert tekjutap þegar viðbúið er að hagur ríkissjóðs versni eins og lýst var t.d. í spám fjármálaráðuneytisins í Þjóðarbúskapnum í janúar 2007. Nauðsynlegt yrði að samhæfa afnám gjaldsins öðrum fjármálaaðgerðum til þess að eftirspurn og spenna vaxi ekki um of af völdum þess. Til lengri tíma litið teldi Seðlabankinn nauðsynlegt að tekjutapi yrði mætt með niðurskurði gjalda eða öðrum tekjustofnum. Þá er rétt að leggja áherslu á að afnám stimpilgjalda gæti leitt til meiri vaxtar útlána en ella sem ekki væri æskilegt við ríkjandi aðstæður.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Eiríkur Guðnason
bankastjóri

Ingimundur Friðriksson
bankastjóri